

LISTIR

Ásgerður Búadóttir opnar sýningu í Gallerí Ingólfsstræti 8

Óþrjótandi möguleikar en í þröngum ramma

„ÞETTA er það sem ég ber fram,“ segir Ásgerður Búadóttir við blaðamann, þar sem við stöndum í Gallerí Ingólfsstræti 8 og virðum fyrir okkur sýningu á myndvefnaði hennar sem opnað verður í dag kl. 17. Listakonunni er ágætlega lýst með þessum orðum því í hógverð sinni lætur hún verkin tala. Þau eru hennar ástríða, þau eru hún.

Ásgerði þarf vart að kynna. Hún á fjölda sýninga að baki víða um lönd og eru verk hennar í söfnum og opinberum byggingum hér heima og erlendis. Í Ingólfsstræti 8 sýnir listakonan ný verk sem hún hefur unnið sérstaklega fyrir sýninguna.


„Fyrir mig er það viss ögrun að sýna í þessum sal,“ segir Ásgerður. „Hann er knappur og fallegur og setur manni ákveðin skilyrði, krefst samvinnu og setur um leið vissar skorður sem eru af hinu góða – hlutföll, rými, lýsing.“

Í seinni tíð hefur Ásgerður gert sífellt meira af því að vinna

með ákveðið rými í huga. Segir hún þetta verklag henta sér ágætlega. „Umhverfið kveikir í mér, kemur hreyfingu á hugmyndir mínar. Í sumum tilvikum kviknar hugmyndin ekki fyrr en ég hef séð rýmið, veggina. Undir þeim kringumstæðum ákveður salurinn sýninguna.“

Að þessu sinni þurfti Ásgerður ekki á vettvangsleiðangri að halda enda þekkir hún salarkynnin í Ingólfsstræti 8 mætavel – var í hópi fyrstu sýnenda þegar galleríð var tekið í notkun árið 1995. „Þá var ég beðin um að sýna afar litlar myndir, minimalískar, sem ég er óvön að vinna og satt best að segja leist mér ekkert á blikuna í fyrstu. Þegar upp var staðið var ég hins vegar ánægð með útkomuna, smærri verk hæfa þessum sal vel, hann ber síður stór verk.“

Verk Ásgerðar eru heldur stærri í sniðum að þessu sinni, þó ekki teljist þau stór, 50x50



Morgunblaðið/Árni Sæberg
ÁSGERÐUR Búadóttir veflistarkona innan um verk sín í Gallerí Ingólfsstræti 8.

sm. „Þessi verk eru tilbrigði við stef sem er ferningurinn. Ég tek sama frumformið og vinn aftur og aftur með nýjar hugmyndir. Ég hef lengi unnið með þessa tegund af vefnaði enda eru möguleikarnir nánast óþrjótandi – samt í þröngum ramma.“

Og hvað um efnistökin? „Myndhyggingin er sem fyrr aðalatriðið. Þessi verk eru mjög lík því sem ég hef verið að gera í gegnum árin.“

Sýningu Ásgerðar lýkur 14. febrúar næstkomandi og er galleríð opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 14–18.

Prettánda leiklistarhátíð barna í Frakklandi

PRETTÁNDA alþjóðlega leiklistarhátíð barna verður haldin í Toulouse í Frakklandi í júní næstkomandi. Hátíðin er sú eina sinnar tegundar í Evrópu og er þekkt um allan heim. Í henni taka þátt 18 hópar barna á aldrinum 7–13 ára frá Frakklandi og öðrum löndum.

Leitað að tutugu barna hópi

Börnin munu flytja leikrit á frönsku eða öðrum tungumálum. Markmiðið með hátíðinni er að börnin kynnist mismunandi menningu, hún er ekki haldin í keppnisanda. Samhliða hátíðinni mun börnunum gefast kostur á að taka þátt í námskeiði þar sem þau kynnst mismunandi aðferðum í leiklist eftir löndum.

Skipuleggjendur hátíðarinnar leita nú eftir þátttöku íslensks barnahóps. Hámarksfjöldi í hópnum er 20 börn. Börnin þurfa að koma sér til Toulouse en þar verður þeim séð fyrir friu fæði og húsnæði á meðan á hátíðinni stendur. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu alþjóðlegrar leiklistarhátíðar barna í Toulouse: <http://www-sv.cict.fr/fite/>.

Tilboðsverð - sem er komið til að vera!

Þú þarft ekki að bíða eftir næsta tilboði. Þú færð okkar lága INDESIT verð alla daga

Indesit
Ítölsk hönnun, ítölsk gæði.

Kælikápur RG 1145

- Kæli 114 ltr.
- Klakahólf 14 ltr.
- Orkunýtni D
- Mál hxbxd: 85x50x56

Kr. 26.900,- stgr.

Kælikápur RG 1285

- Kæli 232 ltr.
- Frystir 27 ltr. (★)
- Hálfvirk afþýðing
- Orkunýtni F
- Mál hxbxd: 147x55x60

Kr. 37.900,- stgr.

Kælikápur RG 2290

- Kæli 211 ltr.
- Frystir 63 ltr. (★★★)
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni C
- Mál hxbxd: 164x55x60

Kr. 48.900,- stgr.

Kælikápur RG 2250

- Kæli 184 ltr.
- Frystir 46 ltr.
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni C
- Mál hxbxd: 139x55x59

Kr. 39.900,- stgr.

Kælikápur RG 2330

- Kæli 258 ltr.
- Frystir 74 ltr. (★★★)
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni C
- Mál hxbxd: 170x60x60

Kr. 49.900,- stgr.

Kælikápur CG 1275

- Kæli 172 ltr.
- Frystir 56 ltr. (★★★)
- Tvær grindur
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni C
- Mál hxbxd: 150x55x60

Kr. 53.900,- stgr.

Kælikápur RG 2190

- Kæli 134 ltr.
- Frystir 40 ltr.
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni C
- Mál hxbxd: 117x50x60

Kr. 37.900,- stgr.

Kælikápur RG 2255

- Kæli 183 ltr.
- Frystir 63 ltr. (★★★)
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni C
- Mál hxbxd: 152x55x60

Kr. 45.900,- stgr.

Kælikápur CG 1340

- Kæli 216 ltr.
- Frystir 71 ltr. (★★★)
- Tvær grindur
- Sjálfvirk afþýðing í kæli
- Orkunýtni B
- Mál hxbxd: 165x60x60

Kr. 59.900,- stgr.

BRÆÐURNIR
ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 533 2800

Frábær gítarleikari

TÓNLIST

Salurinn

GÍTARTÓNLEIKAR

Arnaldur Arnarson flutti á vegum Myrkra músíkdaga íslensk gítarverk. Þriðjudagurinn 12. janúar, 1999.

ARNALDUR Arnarson er í hópi þeirra, sem kalla mætti frumkvöðla í gítarleik hér á landi og hefur þessi hópur ágætara gítarleikara haft þau áhrif, að íslensk tónskáld hafa nú þegar lagt þeim til mörg ágæt tónverk, sem hafa verið flutt á undanföllum árum við töluverðar vinsældir. Tónleikarnir hófust á fjórum stemmningum eftir undirritaðan og skilaði Arnaldur þeim vel og af töluverðum krafti. Þar eftir lék Arnaldur tvo stutta og litríka þætti úr kammerverkinu Dansar dýrðarinnar, eftir Atla Heimi Sveinsson. Arnaldur lék fallega með finleg blæbrigði verksins, sem er innblásið af hafinu, enda heitir fyrri þátturinn Dauðateygjur hins dansandi hafs og sá seinni Til hinna fáu hamingjusömu.

Frumflutt voru þrjú stykki frá 1990, eftir John A. Speight. Þetta eru leiktækniliga skemmtilegir þættir, er voru mjög vel fluttir og eins og oft vill verða um góða tónlist, þarf að hlýða slíku verki oftar en einu sinni og sannast það á þeim örðum verkum, sem hér voru flutt, að ýmis kennileiti í tónskipan og blæbrigðum fá aðra merkingu við slíka endurfundi. Eftir Jón Leifs flutti Arnaldur næst Studie op. 3 en það verk er samið fyrir einleiksfiölu og líklega þá Jón var við eða hafði nýlengi námi í Leipzig árið 1924. Þessi stúdíó er prelúdíó og fughetta og mjög líklega hefur Jón þá gert sína athugun á einleiksfiöluverkum eftir Johann Sebastian Bach, áður en hann samdi þetta verk. Umritun Arnalds hefur tekist vel, miðað við það sem undirritaður man verkið í flutningi Björns Ólafssonar fiðluleikara. Og flutningurinn í heild var góður, einkum í fughettunni en líklega er prelúdían, sem er veigameira verk

en fughettan, helst til erfið fyrir gítarinn.

Eftir hlé voru flutt verk eftir Kjartan Ólafsson, Karólínu Eiríksdóttur og Þorsteini Hauksson. Verk Kjartans, Tilbrigði við jólmfrú, er meðal fyrstu verka hans, sem flutt voru hér á landi (1984) og því gamall kunningi. Tilbrigðin voru mjög lifandi í flutningi Arnalds, en í þeim má heyrja margvíslegan blæbrigðaleik og skemmtilegar tónmyndir, er voru afbragðs vel útfærðar af Arnaldi. Annar gamall kunningi, Hvaðan kemur lognið, frá 1990, eftir Karólínu Eiríksdóttur, var sérlega fallega hljómandi og það var nú ekki eingöngu logn í verkinu og í heild var það mjög fallega mótað af Arnaldi. Síðasta verkið á tónleikunum var Tokkata (1987) eftir Þorsteini Hauksson. Sérlega skemmtilega samið verk, leikandi fjörukt og glæsilega leikið af Arnaldi Arnarsyni.

Eins og fyrr var vikið að, er stutt síðan menn tóku að iðka gítarleik hér á landi og einnig stutt síðan skólarnir buðu upp á kennslu á þetta hljóðfæri, svo að sá árangur, sem framverðir þessa hljóðfæris hafa náð, er í raun stórkostlegur og verður fróðlegt að gera upp þessa sögu eftir nokkra áratugi, bæði er varðar þroska einstakra hljóðfæraleikara og ekki síður, hversu þá mun háttu um þátt íslenskra tónskálda í þeirri þróun.

Þetta voru bæði skemmtilegir og fróðlegir tónleikar og flutningar Arnalds Arnarsonar á þessum erfiðu tónverkum glæsilega útfærðir. Þegar lítið er yfir efnisskrá Myrkra músíkdaga, kemur í ljós að íslenskir hljóðfæraleikarar og tónskáld eru vel á vegi stödd og er gott til þess að vita, að í þeim hópi er Arnaldur Arnarson gítarleikari, en hann hefur þegar aflað sér álits erlendis sem frábær gítarleikari.

Jón Ásgeirsson

E.S. Upphaflega átti annar gagnrýnandi að fjalla um þessa tónleika, sem því miður forfallaðist vegna skyndilegra veikinda og þar sem tvennir tónleikar voru á sama tíma, varð ekki undan skotist fyrir undirritaðan, að gera skyldu sína. J. Ásg.